

91. fundur skráningarráðs haldinn 14. maí 2015 hjá Landskerfi bókasafna kl. 9-11

Fundarmenn: Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir (fundarritari), Rósa S. Jónsdóttir (formaður), Þóra Sigurbjörnsdóttir og Sigrún J. Marelsdóttir. Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna

Sigrún J. Marelsdóttir tekur sæti í skráningarráði í veikindaförföllum Áslaugar Þorfinnsdóttur

Fundargerð síðasta fundar: Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt með athugasemdum varðandi dagskrárlíð 3 þar sem fjallað er um fækkun þátttakenda í innleiðingarteymi. Ákveðið var að Þóra Sigurbjörnsd. sæti áfram í teyminu.

1. **Kínversk nöfn:** Fjallað um erindi um framsetningu kínverskra nafna í Gegni. Það er lítið samræmi í því hvernig kínverskum fyrri og seinni nöfnum er raðað og lítið um leiðbeiningar í Handbók skrásetjara. Kínverskum nöfnum er í flestum tilfellum raðað á sama hátt og íslenskum en það getur verið erfitt að komast að því hvort um er að ræða kínverskan einstakling og eins hvort notast er við kínverskar röðunarreglur á útgáfunni. Ekki er raunhæft að skrásetjarar leggist í tímafreka vinnu við að skoða uppruna einstaklinga. Praktískasta lausnin er að:
 - a. búa til nafnmyndir með frávísunum fyrir þá einstaklinga sem við vitum skv. erindinu að eiga fleiri en eina nafnmynd í Gegni - Sigrún Marelsdóttir tekur að sér að ganga frá því
 - b. benda skrásetjurum á að skoða hvaða mynd er tekin upp hjá Library of Congress
 - c. skerpa á leiðbeiningum í Handbók skrásetjara – Hildur sér um það

Þóra tekur að sér að svara erindinu.

2. **245 sviðið:** Fjallað var um erindi um breytingar sem verða á sviði 245 í markskráningu við upptekt RDA-reglnanna. Farið var í gegnum nokkra liði sem fela í sér meiri- eða minniháttar breytingar frá AACR-skráningu. Sjá erindi aftan við fundargerð. Tekin var ákvörðun um:
 - a. Hástafir í 245\$a og \$b verða áfram teknir upp á sama hátt og skv. AACR. Þó skal taka upp óvenjulega hástafanotkun ef hún er merkingarbær. Skrásetjarar hafa einnig heimild til að láta óhefðbundna hástafanotkun standa í færslum sem sóttar eru úr öðrum kerfum. Þetta á einkum við um stóra pakka sem hlaðið er vélvirkt inn í Gegni
 - b. Þegar upptekt á ábyrgðaraðild er stytt með því að taka aðeins upp fyrsta ábyrgðaraðila er það gefið til kynna með orðalaginu [og x að auki]

Næsta verkefni kennarateymis er að skoða svið 246. Æskilegt að sú vinna skili sér í erindi sem berist fyrir næsta skráningarráðsfund (3. júní 2015).

3. Ekki gafst tími til að fjalla um næsta erindi: **um notkun heita og kóða – marksvið 336, 337 og 338**
4. **264 sviðið: óþekktir útgáfustaðir og forlög:** Ekki er ljóst hvaða orðalag er heppilegast að nota í stað [S.l.], [s.n.] og [s.a.]. Þarf að búa til dæmi og skoða hvað kemur best út. Þarf að skoða í

samhengi við mismunandi fyrirsagnir í notendaviðmóti á Leitir.is vegna mismunandi vísa í 264 sviðinu. Möguleikarnir eru:

- a. Fyrirsögn 264#1: **Útgefandi/Forlag/(fyrirtæki)**
 - i. $\$a$ =(Útgáfu)staðar ekki getið/(Útgáfu)staður óþekktur
 - ii. $\$b$ =útgefanda ekki getið/útgefandi óþekktur
 - iii. $\$c$ =(útgáfu)árs ekki getið/(útgáfu)ár óþekkt
- b. Fyrirsögn 264#2: **Dreifing?**
 - i. $\$a$ =(Dreifingar)staðar ekki getið/(Dreifingar)staður óþekktur
 - ii. $\$b$ =dreifingaraðila ekki getið/dreifingaraðili óþekktur
 - iii. $\$c$ =(dreifingar)árs ekki getið/(dreifingar)ár óþekkt
 - iv. Væri þetta notað ef upplýsingarnar væru ekki til staðar?
- c. Fyrirsögn 264#3: **Framleiðsla?**
 - i. $\$a$ =(Framleiðslu)staðar ekki getið/(framleiðslu)staður óþekktur
 - ii. $\$b$ =Framleiðanda ekki getið/Framleiðandi óþekktur
 - iii. $\$c$ =(framleiðslu)árs ekki getið/(framleiðslu)ár óþekkt
 - iv. Væri þetta notað ef upplýsingarnar eru ekki til staðar?
- d. Fyrirsögn 264#4: **Höfundarréttarár?**
 - i. Ekki notað ef óþekkt?

Næsti fundur ákveðinn 3. júní kl. 9-11. Fundarboð verða send síðar.

Erindi til skráningarráðs

Kennarateymi óskar eftir að skráningarráð fjalli um og taki afstöðu til eftirfarandi breytinga sem verða á sviði 245 þegar RDA tekur við AACR2.

Upptekt á titli:

Um upptekt á titli manifestsjónar gildir regla/kafli? 2.3 í RDA. Þaðan er vísað í 2.2.2-2.2.3 (heimildir lýsingar og 1.7 og appendix A.4.1 (hástafir, greinarmerki, tákn)

- Hástafir:** Breytist regla um upptekt á titli hvað varðar hástafi/lágstafi og greinarmerki? Regla 1.1B1/2B1 í AACR2 segir: Titill er tekinn upp stafréttur úr aðalheimild lýsingar að öðru leyti en því að upphafsstöfum og greinarmerkjum má hagræða.

RDA: Capitalize the first word or the abbreviation of the first word in a title, or in a title of a part, section, or supplement. Capitalize other words ... as applicable to the language involved. In general, do not capitalize the first word or the abbreviation of the first word in other title information (RDA 1.7, App A.4.1).

Breyting: Óvenjuleg/merkingarbær hástafa/lágstafanotkun tekin upp eins og á riti (transcribe): For titles with unusual capitalization, follow the capitalization of the title as found on the source of information (App A.4.1)

Breyting: má taka hástafi upp eins og þeir koma fyrir á innfluttum færslum (RDA 1.7.1.- á þessi heimild að vera til staðar og/eða koma fram einhvers staðar?)

Kennarateymi leggur til að ekki verði gert mikið úr þessari síðustu heimild.
- Greinarmerki:** Greinamerkjum ekki hagrætt, nema ef t.d. milli titils og undirtitils: Transcribe punctuation as it appears on the source. Omit punctuation that separates data to be recorded as one element from data to be recorded as a different element (RDA 1.7.3)

Ath: fer kerfið í hönk við þetta?

Breyting: Öll greinarmerki (líka [] og ...) eru tekin upp eins og þau koma fyrir á riti (transcribe).
- Villur:**

Breyting: Titill er tekinn upp eins og hann kemur fyrir (transcribe) á heimild (resource): ekki leiðréttu stafs.eða innsláttarvillur (nema SE-færslur). (RDA 2.3.1.4.) Leiðréttur titill settur í **246** (eftir að taka ákvörðun um notkun á vísunum og deilisviðum í 246)
- Heimildir lýsingar:**

Breyting: Heimildir lýsingar eru víðari – taka má titil upp af fleiri stöðum en skv. AACR2. En aðalheimild er sú sama. Ef titill er settur fram með ólíkum hætti á mörgum stöðum er aðaltitill valinn í röðinni (RDA 2.3.2.2). Þarf að setja þetta fram einhvers staðar?

Upptekt á ábyrgðaraðild:

Um upptekt á ábyrgðaraðild (manifestasjónar) gildir regla/kafli 2.4. Þaðan er vísað í kafla 2.3.2.2, 2.2.2 og 2.2.4 (heimildir lýsingar)

5. Hversu margir – Upptekt á ábyrgðaraðild breytist þar sem rule of three er dottin út – nema sem optional omission við kafla 2.4.1.5.


Regla 1.1.F.5/2F4 í AACR segir : Ef fleiri en þrjár ábyrgðaraðilar koma til í sömu ... og auka við „et al“ innan hornklofa. RDA: Record a statement of responsibility naming more than one person, family, or corporate body as a single statement whether those persons, etc., perform the same function or different functions. Optional omission: If a single statement of responsibility names more than three persons, families, or corporate bodies performing the same function (or with the same degree of responsibility), omit any but the first of each group of such persons, families, or bodies. Indicate the omission by summarizing what has been omitted in a language and script preferred by the agency preparing the description. Indicate that the summary was taken from a source outside the resource itself (RDA: 2.4.1.5)

Breyting: engar fjöldatakmörkanir nauðsynlegar í 245 \$c. En þó leyfilegt að sleppa að nefna alla nema fyrsta ábyrgðaraðila. Ef ábyrgðaraðilar eru ekki allir taldir upp setur skrásetjari fjölda þeirra í hornklofa – á að vera staðlað orðalag? hvaða orðalag? [**og x aðrir**].

6. Hversu stafrétt upptekt/hversu nákvæmar upplýsingar – RDA 2.4.1.4.: Transcribe a statement of responsibility as it appears on the source of information. Upptekt á titlum og öðrum upplýsingum en nafni höfundar. Regla 1.1.F.7/2F6 í AACR segir að sleppa skuli titlum, prófgráðum o.þ.h. RDA 2.4.1.4. Apply the general guidelines on transcription given under 1.7. Optional Omission: Abridge a statement of responsibility only if it can be abridged without loss of essential information. Do not use a mark of omission (...) to indicate such an omission.

Breyting: Hvaða tilmæli fá skrásetjarar? Eiga þeir t.d. að snyrta innfluttar færslur ef þær innihalda mikið af „óþarfa“ upplýsingum? Ekkert nema catalogers judgement?

Kennarateymi leggur til að dæmi í hask innihaldi ekki mikið af dæmum sem eru eins og seinni skráningarfærslan hér:



7. Heimildir lýsingar: AACR2: 1.1.A.2/2.F.3: Ábyrgðaraðilid sem stendur annars staðar en í aðalheimild lýsingar er tekin upp í hornklofa
Breyting: Heimildir lýsingar eru víðari – Ábyrgðaraðild má taka hvaðan sem er í ritinu án þess að hafa hornklofa (RDA: 2.4.2.2)

8. **Breytingar** á því hvernig titill og ábyrgðaraðild eru tekin upp í samræmi við reglu 2.4.1.8.
If the sequence, layout, or typography on the source of information indicates that a noun or noun phrase is intended to be part of the statement of responsibility and the noun phrase is indicative of the role of the person, family, or corporate body named in the statement of responsibility, then: treat the noun or noun phrase as part of the statement of responsibility.
245\$c=a novelization by David Levithan
Title proper: The perfect score. On the source of information, “a novelization” appears on the same line and in the same font as “by David Levithan”
Óþarfi að leggja áherslu á þetta?

9. Formgreining 245\$h dettur út – í staðinn koma svið 336, 337 og 338. Líka í þeim tilfellum þar sem formgreining var ekki notuð

10. Ath síðar: má setja inn hornklofa í 245 a eða b til að formgreina titil. sbr. [ritdómar]?

11.